



## Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar, tímabundinnar eða endanlegrar

INNGANGUR	
<b>Tímabundin rekstrarstöðvun</b>	<i>Ef rekstur verksmiðju er stöðvaður um tilgreint/ótilgreint tímabil en ákveðið er að hefja rekstur aftur.</i>
<b>Endanleg rekstrarstöðvun</b>	<i>Ef ákvörðun liggur fyrir um að stöðva rekstur verksmiðju fyrir fullt og allt og engar fyrirætlanir eru um að hefja aftur starfsemi.</i>
<b>Um áætlun</b>	<i>Gerður er greinarmunur á tímabundinni rekstrarstöðvun og endanlegri rekstrarstöðvun í þessari áætlun. Efnisþættir áætlunarinnar gilda fyrst og fremst um tímabundna rekstrarstöðvun. Hins vegar ef um er að ræða endanlega rekstrarstöðvun þá eru efnisþættir þessarar áætlunar hafðir til hliðsjónar við gerð verkefnaáætlunar um tímabundna stöðvun.</i>

FRAMKVÆMD	
<b>Efnisþættir</b>	<b>Aðgerð</b>
<b>Ákvörðun kynnt</b>	<i>Ákvörðun um rekstrarstöðvun skal tilkynnt viðeigandi aðilum með eins miklum fyrirvara og unnt er. Tilkynna skal til hafnaryfirvalda í Vestmannaeyjum (893 0027) til Umhverfisstofnunnar (591 2000) ásamt fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (591 2000).</i> <b>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar : Verksmiðjustjóri</b> <b>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar : Framkvæmdastjóri</b>
<b>Verkefnaáætlun</b>	<i>Verksmiðjustjóri og framkvæmdastjóri gera áætlun um rekstrarstöðvun. Hún skal gerð í samráði við hafnaryfirvöld í Vestmannaeyjum (893 0027) og Umhverfisstofnun (591 2000).</i> <b>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar : Verksmiðjustjóri</b> <b>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar : Framkvæmdastjóri</b>
<b>Löndunar- og blóðvatnslagnir að og frá löndunarhúsi</b>	<i>Lagnir eru tæmdar og hreinsaðar.</i> <b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b>
<b>Hráefnistankar</b>	<i>Hráefnistankar eru tæmdir og hreinsaðir.</i> <b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b>

<b>Olíutankar/olíugildirur</b>	<p><i>Olíutankar eru tæmdir og hreinsaðir í samráði við birgja (N1-Olíudreifing). Innihaldi þeirra er komið til viðeigandi aðila. Olíugildirur skulu skoðaðar og meta þarf hvort nauðsynlegt er að hreinsa þær og/eða tæma.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Lýsistankar</b>	<p><i>Lýsistankar eru tæmdir og hreinsaðir.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Mjölgeymslur</b>	<p><i>Mjölgeymslur tæmdar og hreinsaðar.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Aðrir tankar í vinnsluferli</b>	<p><i>Allir tankar eru tæmdir og hreinsaðir. Innihaldi þeirra er komið til viðeigandi aðila.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Allar lagnir í vinnsluferli</b>	<p><i>Fara skal skipulega yfir allar lagnir og dælur og tæma vatn og önnur efni úr þeim eins vel og hægt er.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Rafmagn og háspennulagnir</b>	<p><i>Rafmagn skal tekið af. Tryggja skal að ekki sé hægt að slá því inn af óviðkomandi aðilum.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Önnur efni</b>	<p><i>Gera skal ráðstafanir um flutning, förgun eða geymslu efna til að koma í veg fyrir að þau valdi mengun.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri?</b></p>
<b>Lóð</b>	<p><i>Fara skal skipulega yfir lóð og hreinsa allt rusl. Ganga skal snyrtilega frá öllu og lágmarka og útiloka hættu á hvers konar mengun.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Húsnæði</b>	<p><i>Gengið skal snyrtilega frá. Öll efni skulu fjarlægð og komið til viðeigandi aðila. Skrúfa skal fyrir vatn.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>
<b>Vélar og tæki</b>	<p><i>Læst eða fjarlægð.</i></p> <p><b>Ábyrgð: Verksmiðjustjóri</b></p>

<b>Rekstrarstöðvun</b>	<p><i>Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar, hafnaryfirvalda, slökkviliðs, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þegar rekstur hefur verið formlega stöðvaður.</i></p> <p><b>Ábyrgð vegna tímabundinnar stöðvunar : Verksmiðjustjóri</b></p> <p><b>Ábyrgð vegna varanlegrar stöðvunar : Framkvæmdastjóri</b></p>

Ritstýrt af: Kristján i. Sigurðsson	Í gildi frá: 1.9.2014	Endurskoðun:1.9.2015
Samþykkt af: Sigurður Friðbjörnsson	Útgáfa nr: 1	Vistað: S:\Five\Viðbragðsáætlun